

Miðvikudaginn 19. apríl 1939.

Nr. 124/1938. **Hallgrímur Helgason**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Helgu Sigurðardóttur (Enginn).

Barnsfaðernismál.

Dómur hæstaréttar.

Stefnda, sem hefir verið löglega birt áfrýjunarstefna í máli þessu, útgefin 16. des. f. á., hefir hvorki mætt né mæta látið fyrir hæstarétti. Er málið því flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaganna og dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Áfrýjandi krefst þess *aðallega*, að héraðsdómurinn verði ómerktur og að lagt verði fyrir héraðsdómarann að rannsaka málið rækilegar, en *til vara* krefst áfrýjandi, að hann verði skilorðslaust sýknaður af kröfum stefndu. Svo krefst áfrýjandi þess, að stefnda verði dæmd til þess að greiða honum málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Í stefnu er þó aðeins krafizt málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Ómerkingarkröfu sína byggir áfrýjandi á því, að fram hafi komið miklar líkur fyrir því, að stefnda hafi haft samfarir við tvo eða fleiri karlmenn á getnaðartíma barns þess, er hún ól fullburða 12. sept. 1938 og í máli þessu getur, og að rækilegri rannsóknar þurfi um þau efni. Þessi staðhæfing áfrýjanda virðist að visu hafa við nokkur rök að styðjast, en ekki þykir þó næg ástæða til þess að taka ómerkingarkröfuna til greina eftir þeim úrslitum, sem málið fær hér fyrir dómi og síðar segir.

Það gæti sem sé ekki orkað áfrýjanda skilorðslausrar sýknu, þó að sannað yrði, að stefnda hefði haft samfarir við aðra en hann á getnaðartíma barnsins, þar sem hún heldur því eindregið fram, að þau hafi haft holdlegar samfarir á þeim tíma hvort við annað. Og ef fleiri reyndust sannir að samförum við hana á nefndum tíma eða líklegir til þeirra, þá væri þess áfram kostur að höfða mál gegn þeim þess vegna eftir kröfu áfrýjanda samkvæmt 212. gr. laga nr. 85/1936, ef hann synjar ekki með eiði sínum fyrir samfarir við stefndu á getnaðartíma barnsins.

Stefnda ól barnið þann 12. sept. 1938. Það virðist því geta verið komið undir í síðasta lagi 17. jan. 1938 og í fyrsta lagi 6. nóv. 1937. Verður því að telja fyrir það girt, að barnið sé getið við samfarir málsaðilja í október 1937 eða í marz 1938. Kunningskapur málsaðilja bæði fyrir og eftir getnaðartíma barnsins skapar að vísu nokkrar líkur gegn áfrýjanda, en þar á móti kemur það, að stefnda hafði kynferðismök við fleiri en hann í október 1937 og að nokkrar líkur eru komnar fram um það, að hún hafi verið með öðrum mönnum í desember sama ár, einmitt um það leyti, sem líklegast er, að barnið sé getið.

Með hliðsjón af þessu þykir ekki verða í þessu máli skorið úr um faðerni barnsins, heldur einungis um fjárgreiðslur á hendur áfrýjanda vegna barnsins og barnshafnar stefndu. Sakir þess, er áður segir um háttsemi stefndu og líkur um samfarir hennar við aðra menn en áfrýjanda á getnaðartíma barnsins, þykir verða að láta greiðsluskyldu áfrýjanda velta á eiði hans, þannig að hann sé sýkn af kröfu stefndu, ef hann synjar fyrir það með eiði

sínum á varnarþingi samkvæmt 166. gr. laga nr. 85/1936 og innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við stefndu á tímabilinu 6. nóv. 1937 til 17. jan. 1938, að báðum dögum meðtöldum.

En ef áfrýjanda verður eiðfall, þá skal hann greiða meðlag með barni því, er stefnda ól þann 12. sept. 1938, og henni barnsfararkostnað og styrk fyrir og eftir barnsburð, allt eftir úrskurði yfirvalds.

Ef áfrýjandi vinnur eiðinn, þá greiði stefnda honum 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti, en málskostnaður í héraði fellur niður. En ef áfrýjanda verður eiðfall, þá fellur málskostnaður fyrir hæstarétti niður, en áfrýjandi greiði stefndu 20 krónur í málskostnað í héraði.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Hallgrímur Helgason, á að vera sýkn af kröfum stefndu, Helgu Sigurðardóttur, ef hann synjar fyrir það með eiði sínum á varnarþingi samkvæmt 166. gr. laga nr. 85/1936 og innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við stefndu á tímabilinu frá 6. nóv. 1937 til 17. jan. 1938, að báðum dögum meðtöldum.

Ef áfrýjanda verður eiðfall, þá skal hann greiða meðlag með barni því, er stefnda ól þann 12. sept. 1938, og henni barnsfararkostnað og styrk fyrir og eftir barnsburð, allt eftir úrskurði yfirvalds.

Ef áfrýjandi vinnur eiðinn, þá skal stefnda greiða honum 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti, en málskostnaður í héraði fellur niður. En ef áfrýjandi vinnur ekki eiðinn, þá skal málskostnaður fyrir hæstarétti falla niður, og greiði áfrýjandi þá stefndu 20 krónur í málskostnað í héraði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. nóv. 1938.

Þann 12. september 1938 ól ógipt stúlka, að nafni Helga Sigurðardóttir Grandaveg 37 hér í bænum, fullburða meybarn. Föður að þessu barni sínu tilnefndi barnsmóðirin Hallgrím Helgason til heimilis á Hverfisgötu 91. Hann hefir ekki viljað kannast við faðernið og er því mál þetta höfðað, eftir ósk barnsmóður, gegn honum, og hefir hún gert þær kröfur í réttinum, að hann verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því og barnsfararkostnað til sín, svo og styrk fyrir og eftir barnsburð, allt eftir úrskurði yfirvalds, og loks málskostnað eftir mati réttarins.

Kærandi og kærður eru sammála um það, að þau hafi fyrst kynnst sumarið 1936 og hefir kærandi haldið því frám að þau, frá því um veturinn næst á eftir, hafi haft holdlegar samfarir öðru hvoru þar til í marzmánuði 1938, og muni barn þetta vera getið við samfarir þeirra í desembermánuði f. á. Kærður hefir játað það, að hann hafi haft holdlegar samfarir við kæranda og hyggur hann að það hafi byrjað um sumarið 1936; hafi þau einnig haft holdlegar samfarir veturinn 1936 og 1937 og þar til í júní 1937. Þá kveður hann að þau hafi ekki eftir það haft holdlegar samfarir fyrr en í marzmánuði 1938, en þá hafi þau haft holdlegar samfarir tvisvar eða þrisvar sinnum.

Í síðari réttarhöldum hefir kærður þó játað það, að hann hafi haft holdlegar samfarir við kæranda síðast í október 1937 og hafi þá annar maður að nafni Óskar Sigurðsson einnig haft holdlegar samfarir við hana. Hefir

Óskar viðurkennt þessar samfarir, en kærandi hefir neitað þeim, en hinsvegar viðurkennt, að hún hafi haft holdlegar samfarir við hann í önnur skipti.

Þá hefir kærður haldið því fram, að kærandi hafi haft holdlegar samfarir við ýmsa karlmenn aðra en sig og einmitt á þeim tíma, er barn þetta getur verið getið. Hefir með vitnaleiðslu verið færðar líkur að þessu, en ekki tekizt að sanna gegn eindregnum mótmælum kæranda.

Framburður kæranda og kærðs hér fyrir réttinum hefir verið nokkuð á reiki og þykir því ekki fært að láta úrslit máls þessa vera komin undir eiði þeirra.

Kærður hefir upphaflega haldið því fram, að hann hafi ekki haft holdlegar samfarir við kæranda frá því í júní 1937 og þar til í marzmánuði 1938, en síðar viðurkennt það þó, að hann hafi haft holdlegar samfarir við hana síðast í október f. á.

Á hinn bóginn hefir kærandi alla tíð haldið því ákveðið fram, að enginn annar en kærður geti verið faðir að barni þessu, enda hafi hún haft holdlegar samfarir við hann öðru hvoru frá því um veturinn 1936 og 1937 og þar til í marz 1938. Samkvæmt þessu verður ekki talið útilokað, að kærður hafi haft holdlegar samfarir við kæranda á þeim tíma, er barn þetta getur verið getið, en með tilliti til þess, sem fram er komið í máli þessu um framferði kæranda, virðist ekki rétt að dæma hann föður barnsins. Þykir því aðeins verða að dæma kærðan til að greiða meðlag með barninu og barnsfararkostnað til barnsmóður svo og styrk til hennar fyrir og eftir barnsburð samkvæmt úrskurði yfirvalds og loks málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Hallgrímur Helgason, greiði meðlag með barni því, er kærandi, Helga Sigurðardóttir, ól þann 12. september 1938. Þá greiði hann og barnsfararkostnað til barnsmóður svo og styrk til hennar fyrir og eftir barnsburð allt eftir úrskurði yfirvalds og loks 20 krónur í málskostnað.

Dóminum skal fullnægt að viðlagðri aðför að lögum.